

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. nóvember 2024

Mál nr. E-260/2024:

**Þrotabú Torgs ehf.**

(Þórhallur Bergmann lögmaður)

**gegn**

**íslenska ríkinu**

(Óskar Thorarensen lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað 11. desember 2023 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 25. október 2024.
- Stefnandi er Þrotabú Torgs ehf., Borgartúni 26 í Reykjavík. Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli við Lindargötu í Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að rift verði með dómi greiðslu hins gjaldþrota félags, Torgs ehf., á virðisaukaskatti til stefnda, að fjárhæð 14.084.356 krónur, sem fram fór 31. mars 2023.
- Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 14.084.356 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. mars 2023 til 18. nóvember 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. nóvember 2023 til greiðsludags.
- Enn fremur krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.
- Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess að stefnukrafan verði lækkuð og að málskostnaður verði felldur niður.

### Helstu málsatvik

- Torg ehf. var fjölmiðlafyrirtæki sem gaf m.a. út dagblaðið Fréttablaðið og rak vefmiðlana fréttabladid.is, dv.is og hringbraut.is og sjónvarpsstöðina Hringbraut. Í kjölfar langvarandi taprekstrar var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms

Reykjavíkur 4. apríl 2023, að kröfu stjórnar félagsins sem barst dómnum þann sama dag. Sá dagur er frestdagur við skipti búsins, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Innköllun var fyrst gefin út 12. sama mánaðar og kröfulýsingarfrestur rann út 12. júní sama ár. Samkvæmt kröfuskrá, dags. 26. júní 2023, nema lýstar kröfur í búið samtals 1.497.739.205 krónum.

8. Á starfsmannafundi sem haldinn var að morgni föstudagsins 31. mars 2023 var tilkynnt að starfsemi Torgs ehf. yrði hætt og að óskað yrði eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Starfsfólki mun hafa verið tilkynnt að laun vegna marsmánaðar yrðu greidd, en því bent á að sækja vangoldin laun í þrotabúið og Ábyrgðasjóð launa, sem og að skrá sig á atvinnuleysisbætur. Upp úr hádegi sama dag var fjallað í mörgum fjölmiðlum um fall Torgs ehf. og yfirvofandi gjaldþrot félagsins.
9. Síðar sama dag, 31. mars 2023, kl. 15:30, greiddi Torg ehf. 14.084.356 krónur til Fjársýslu ríkisins vegna virðisaukaskatts fyrir tímabilið janúar – febrúar 2023, sbr. virðisaukaskattsskýrslu sem Skatturinn móttók kl. 15:02 sama dag. Gjalddagi kröfunnar var 5. apríl 2023, sbr. 4. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.
10. Það var með skiptabeiðni, dags. 3. apríl 2023, sem móttekin var af Héraðsdómi Reykjavíkur daginn eftir, sem stjórn Torgs ehf. óskaði eftir að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Það mun hafa verið um kl. 11:00 4. þess mánaðar sem úrskurður dómsins þess efnis var kveðinn upp. Fyrir liggur tölvupóstur dómsins frá kl. 11:35 þann dag þar sem tilkynnt var um skipun skiptastjóra til að fara með skipti búsins.
11. Með riftunarbréfi skiptastjóra, dags. 18. október 2023, lýsti stefnandi yfir riftun á umræddri greiðslu að fjárhæð 14.084.356 krónur til stefnda með vísan til XX. kafla laga nr. 21/1991, einkum 1. mgr. 134. gr. og 141. gr. laganna. Þá var höfð uppi skaðabótakrafa sömu fjárhæðar á grundvelli 3. mgr. 142. gr. sömu laga. Með bréfi Skattsins, dags. 30. október 2023, var kröfunni hafnað.
12. Á hreyfingayfirlitum Skattsins vegna virðisaukaskattsskila Torgs ehf. á 25 uppgjörstímabilum, frá apríl 2019 til febrúar 2023, sést að í 20 af þeim tilvikum greiddi félagið virðisaukaskatt á gjalddaga, í tveimur tilvikum var greitt samkvæmt greiðsluáætlunum eftir upphaflegan gjalddaga en í þremur tilvikum var skatturinn greiddur fyrir gjalddaga. Allt frá desember 2021 til febrúar 2023 voru umræddar greiðslur ávallt inntar af hendi á gjalddaga eða einum til tveimur dögum eftir hann. Þau þrjú tilvik þar sem greiðslur voru inntar af hendi fyrir gjalddaga voru greiðslur 31. mars 2021, 30. júlí 2021 og 30. september 2021.

## **Helstu málsástæður og lagarök stefnanda**

### *Samantekt málsástæðna stefnanda*

13. Stefnandi byggir kröfu sína um riftun aðallega á því að um hafi verið að ræða greiðslu skuldar sem hafi verið greidd fyrir en eðlilegt var í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi byggir til vara á því að greiðslan hafi skert greiðslugetu verulega samkvæmt sömu grein og til þrautavara byggir stefnandi á því að greiðslan sé riftanleg á grundvelli 141. gr. laganna. Stefnandi gerir aðallega kröfu um skaðabætur samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, en til vara er höfð uppi krafa um endurgreiðslu auðgunar á grundvelli 1. mgr. sömu greinar. Stefnandi segir markmið málsóknarinnar vera það að endurheimta úr hendi stefnda verðmæti sem ekki séu til reiðu til fullnustu kröfum kröfuhafa þrotabúsins.

### *Skuld greidd fyrir en eðlilegt var, sbr. 134. gr. laga nr. 21/1991*

14. Stefnandi byggir aðallega á því að með umræddri greiðslu, sem innt var af hendi 31. mars 2023, hafi skuld verið greidd fyrir en eðlilegt var í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, enda hafi lögbundinn gjalddagi kröfunnar verið 5. apríl 2023 samkvæmt 4. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sem og virðisaukaskattsskýrslu, dags. 31. mars 2023.
15. Stefnandi byggir á því að 134. gr. laga nr. 21/1991 sé ætlað að taka til greiðslna á skuldum, sem fram hafa farið með öðrum hætti eða við aðrar aðstæður en upphaflega var gert ráð fyrir. Sá háttur greiðslu sem fari í bága við ákvæðið séu einkum tilvik þar sem slæm fjárhagsstaða skuldara valdi því að greiðsla fari fram með öðrum hætti en hún hefði gert ef fjárhag skuldara hefði ekki verið svo illa komið. Riftunarreglan sé hlutlæg og ekki þurfi að sýna fram á huglæga afstöðu riftunarþola að þessu leyti.
16. Óumdeilt sé að um hafi verið að ræða greiðslu á skuld sem hafi farið fram innan sex mánaða fyrir frestdag, sbr. 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Ágreiningur aðila lúti hins vegar að því hvort greiðslan hafi farið fram fyrir en eðlilegt var í skilningi fyrrnefnds lagaákvæðis. Stefnandi byggir á því að umræddri riftunarreglu sé fyrst og fremst ætlað að taka til tilvika þar sem greiðsla hafi farið fram fyrir gjalddaga. Það sé í samræmi við viðteknar skoðanir fræðimanna, auk þess sem því hafi margsinnis verið slegið föstu í dómaframkvæmd að greiðsla fyrir gjalddaga teljist hafa farið fram fyrir en eðlilegt var í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991.

17. Stefnandi hafnar því að greiðslan geti fallið undir undantekningarreglu 134. gr. laga nr. 21/1991 um að vera venjuleg eftir atvikum. Ljóst sé að sönnunarbyrðin um það að undantekningarreglan eigi við hvíli á stefnda. Almennt hafi verið talið að við mat á þessu beri að beita hlutlægum aðferðum og líta til allra aðstæðna. Leiðbeiningarreglan við matið sé sú að greiðslur sem hefðu farið fram á sama tíma og með sama hætti, þótt fjárhagsvandræði skuldarins hefðu ekki komið til, séu venjulegar eftir atvikum. Með öðrum orðum séu greiðslur sem inntar séu af hendi, án þess að það sé fyrir áhrif frá aðsteðjandi fjárhagsvandræðum, almennt venjulegar eftir atvikum.
18. Í þessu sambandi komi sérstaklega til skoðunar hvort greiðslan sé í samræmi við greiðsluvenju Torgs ehf. að því er varðar greiðslu virðisaukaskatts í aðdraganda gjaldþrotsins. Stefnandi bendir á að á hreyfingayfirliti Skattsins vegna virðisaukaskattsskila Torgs ehf. á tímabilinu apríl 2019 – febrúar 2023 sjáist að félagið hafi á tímabilinu desember 2021 – febrúar 2023 alltaf greitt virðisaukaskatt á gjalddaga, eða einum til tveimur dögum eftir gjalddaga. Engin dæmi séu um það á þessu tímabili að greitt hafi verið fyrir gjalddaga, hvað þá fimm dögum fyrir gjalddaga, eins og hér hátti til. Ef litið sé á tímabilið í heild sinni, þar sem um sé að ræða 25 uppgjörstímabil, hafi Torg ehf. greitt virðisaukaskatt á gjalddaga eða eftir gjalddaga í 20 tilvikum, í tveimur tilvikum hafi verið greitt samkvæmt greiðsluáætlunum og í þremur tilvikum hafi verið greitt fyrir gjalddaga. Því blasi við að umþrætt greiðsla hafi ekki verið í samræmi við greiðsluvenju Torgs ehf., sem hafi í langflestum tilvikum greitt virðisaukaskatt á gjalddaga eða eftir gjalddaga eða síðar samkvæmt greiðsluáætlun. Þá sé til þess að líta að Torg ehf. hafi glímt við lausafjávanda og taprekstur um nokkurt skeið og því sé ljóst að félagið hafi ekki haft fjárhagslega burði til þess að greiða útskatt upp á tugi milljóna króna fyrir gjalddaga á síðustu mánuðum rekstrarins. Í þessu sambandi megi m.a. benda á að félagið hafi fengið greiðslufrest á staðgreiðslu vegna Covid sem hafi numið um 62 milljónum króna.
19. Stefnandi bendir á að á starfsmannafundinum föstudagsmorguninn 31. mars 2023 hafi verið tilkynnt að starfsemi Torgs ehf. yrði hætt og að óskað yrði eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Fréttir þess efnis hafi verið birtar í öllum fjölmiðlum landsins þegar upp úr hádegi sama dag. Ljóst sé að með umþrættri greiðslu hafi fyrirsvarsmenn Torgs ehf. valið að ráðstafa fjármunum félagsins til greiðslu vörsluskatts, eftir að ákvörðun hafði verið tekin um að óska eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu, líkt og tilhneiging sé til í aðdraganda gjaldþrotaskipta, enda beri fyrirsvarsmenn persónulega refsíabyrgð á vanskilum slíkra skatta lögum samkvæmt. Slíkar ráðstafanir í aðdraganda gjaldþrotaskipta séu hvort

tveggja óeðlilegar og ótilhlýðilegar og riftunarreglum laga nr. 21/1991, þ.m.t. 134. gr. laganna, sé ætlað að vinda ofan af þeim, til þess að stuðla að jafnræði kröfuhafa. Stefnandi byggir á því að framangreint hafi verið meginástæða þess að virðisaukaskattur hafi verið greiddur fimm dögum fyrir gjalddaga skömmu fyrir gjaldþrot Torgs ehf.

20. Enga þýðingu hafi við mat á riftanleika umþrættar greiðslu, samkvæmt riftunarreglum XX. kafla laga nr. 21/1991, að um hafi verið að ræða greiðslu virðisaukaskatts samkvæmt lagaboði. Af dómaframkvæmd megi ráða að kröfur vegna staðgreiðslu og virðisaukaskatts njóti enngar sérstöðu við gjaldþrotaskipti, enda skapist ekki að lögum eignarréttur stefnda yfir fjármunum þess sem beri skyldu til að standa skil á slíkum gjöldum, heldur kröfuréttur stefnda á hendur gjaldandanum, sem þess utan standi við gjaldþrotaskipti í réttindaröð samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Hefði löggjafinn ætlað kröfum vegna vangoldinna skatta meiri forgang við gjaldþrotaskipti hefði að áliti stefnanda hæglega verið unnt að skipa slíkum kröfum frammar í réttindaröð samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga. Við mat á skilyrðum riftunar samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991 sé fyrst og fremst tekið mið af því hvort og þá að hvaða marki ráðstöfun hafi haft áhrif á fjárhag þrotamanns og þar með hagsmuni og jafnræði kröfuhafa.
21. Stefnandi bendir á að höfnun stefnda á riftun greiðslunnar á grundvelli fyrrnefnds lagaákvæðis feli í sér stefnubreytingu hjá innheimtumanni ríkissjóðs, sem hafi áður fallist á riftun við svipaðar aðstæður. Í því sambandi megi nefna þrotabú Tækja og hluta ehf. (áður Jötunn vélar ehf.), sem hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 5. febrúar 2020. Þar hafi verið fallist á riftun greiðslu virðisaukaskatts sem fram hafi farið 4. febrúar 2020, eða fyrir gjalddaga, vegna uppgjörstímabilsins nóvember – desember 2019, á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991. Því veiki nokkra athygli að nálgun innheimtumanns ríkissjóðs virðist vera önnur í því máli sem hér er til umfjöllunar.
22. Með vísan til framangreinds byggir stefnandi á því að greiðslan til stefnda hafi bersýnilega verið greidd fyrr en eðlilegt var í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 og undantekningarregla lagaákvæðisins eigi ekki við í máli þessu. Þá hafnar stefnandi því að það hafi verið í samræmi við greiðsluvenju Torgs ehf. að greiða virðisaukaskatt fyrir gjalddaga.

*Greiðsla skuldarinnar hafi skert greiðslugetu verulega, sbr. 134. gr. laga nr. 21/1991*

23. Stefnandi byggir til vara á því að umrædd greiðsla að fjárhæð 14.084.356 krónur hafi falið í sér greiðslu skuldar sem hafi skert greiðslugetu verulega í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga 21/1991.

24. Við mat á umræddu riftunarskilyrði verði að líta í víðu samhengi til fjárhagsstöðu Torgs ehf. er hin riftanlega greiðsla fór fram, einkum og sér í lagi hvaða eignir hafi verið til ráðstöfunar á þessu tímamarki. Þá þurfi að bera fjárhæð hinnar riftanlegu greiðslu saman við fjárhæðir annarra greiðslna sem inntar hafi verið af hendi frá og með 31. mars 2023 og fram að uppkvaðningu úrskurðar um gjaldprotaskipti 4. apríl sama ár. Af fræðiskrifum og dómaframkvæmd megi ráða að greiðsla þurfi að vera 10% eða meira af þeim eignum sem til ráðstöfunar eru þegar greiðslan fer fram.
25. Stefnandi bendir á að handbært fé til ráðstöfunar á veltureikningi Torgs ehf. hafi fyrir hina umþrættu greiðslu numið 19.807.344 krónum. Hinn 3. apríl 2023 hafi síðan borist þrjár greiðslur frá Fjölmiðlators ehf., samtals að fjárhæð 10.000.000 króna, en um hafi verið að ræða eftirstöðvar kaupsamningsgreiðslu samkvæmt kaupsamningi milli Torgs ehf. og Fjölmiðlators ehf., dags. 31. mars 2023. Sama dag hafi jafnframt verið greiddar inn á veltureikninginn með þremur greiðslum samtals 2.622.840 krónur, en um hafi verið að ræða millifærslur milli reikninga Torgs ehf. Samtals hafi því verið 32.430.184 krónur til ráðstöfunar á veltureikningi félagsins er hin riftanlega greiðsla var innt af hendi og fram að gjaldproti Torgs ehf. Innstæður á öðrum bankareikningum Torgs ehf. hafi verið óverulegar, en þær hafi að mestu verið greiddar inn á veltureikninginn með þremur greiðslum 3. apríl, eins og áður greinir, að undanskildum 584.787 krónum. Rétt sé að taka fram að 3. og 4. apríl 2023 hafi verið greiddar samtals 15.063.137 krónur til allnokkurra útvalinna kröfuhafa, en einkum hafi verið um að ræða greiðslur á reikningum verktaka og annarra aðila sem veittu félaginu þjónustu. Greiðslur þessar hafi numið á bilinu 28.000–2.261.140 krónur. Stefnandi hafi rift mörgum af þessum greiðslum á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991 og hafi í flestum tilvikum verið samið um uppgjör þessara krafna. Ljóst sé að veltureikningur Torgs ehf. hafi verið nánast tæmdur fyrir uppkvaðningu úrskurðar um gjaldprotaskipti með þeim greiðslum sem hér hefur verið lýst. Eftir hafi staðið samtals 644.330 krónur, sem hafi verið greiddar inn á fjárvörslureikning þrotabúsins við upphaf skipta 4. apríl. Innstæður á öðrum bankareikningum Torgs ehf. við upphaf skipta hafi samtals numið 586.178 krónum. Að virtu öllu framan- greindu sé ljóst að hin riftanlega greiðsla að fjárhæð 14.084.356 krónur hafi numið um 42,66% ( $14.084.356 \times 100 / 33.014.971$  ( $32.430.184 + 584.787$ )) af þeim fjármunum sem hafi verið félaginu til ráðstöfunar frá því að hún var innt af hendi og fram að uppkvaðningu úrskurðar. Jafnframt liggi fyrir að greiðslan hafi verið mjög há samanborið

við aðrar greiðslur sem farið hafi fram á sama tímabili, eða um sex sinnum hærri en næsthæsta greiðslan sem innt hafi verið af hendi á tímabilinu.

26. Stefnandi bendir á að miðað við eignastöðu þrotabúsins, sem kynnt hafi verið á skiptafundi sem haldinn hafi verið 5. júlí 2023, megi ætla að eignir búsins séu innan við 100.000.000 króna, en þá á eftir að taka tillit til skiptakostnaðar, sbr. umfjöllun í fundargerð skiptafundar.
27. Þegar umþrætt greiðsla hafi verið innt af hendi kl. 15:30 31. mars 2023 hafi verið búið að tilkynna að starfsemi Torgs ehf. yrði hætt og að óskað yrði eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Frá þessum tíma hafi því ekki verið að vænta frekari tekna af rekstri félagsins, ef undanskildar séu auglýsingatekjur vegna marsmánaðar. Þá hafi verið ljóst á sama tíma-marki að Torg ehf. væri ógjaldfært, enda hafi kröfur sem námu hundruðum milljóna króna verið við það að gjaldfalla, sbr. 1. mgr. 99. laga nr. 21/1991. Samtals nemi lýstar kröfur í þrotabúið 1.497.739.205 krónum.
28. Stefnandi byggir á því að greiðslan geti ekki, miðað við allar aðstæður, fallið undir undantekningarreglu 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 um að teljast venjuleg eftir atvikum, enda hafi hún verið mjög há miðað við öll þau viðmið sem að framan eru rakin, auk þess sem hún hafi verið innt af hendi eftir að búið var að tilkynna um yfirvofandi gjaldþrot félagsins.
29. Með vísan til alls framangreinds byggir stefnandi á því að umþrætt greiðsla hafi skert greiðslugetu þrotamanns verulega í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991.

*Almenna riftunarreglan, sbr. 141. gr. laga nr. 21/1991*

30. Stefnandi byggir til þrautavara á því að umrædd greiðsla sé riftanleg á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi telur að greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa stefnanda og leitt til þess að eignir stefnanda voru ekki til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Torg ehf. hafi verið ógjaldfært félag er umrædd greiðsla fór fram og stefndi hafi vitað, eða mátt vita, um ógjaldfærni félagsins, sem og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.
  - a) Ótilhlýðileg ráðstöfun í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991
31. Stefnandi byggir á því að umrædd greiðsla hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og hún hafi leitt til þess að eignir félagsins voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Af dómaframkvæmd verði ráðið að við mat á því

hvort riftunarreglum XX. kafla laga nr. 21/1991 verði beitt verði að líta til þeirra afleiðinga sem ráðstöfun hafi haft á fjárhag skuldara og þar með á hagsmuni og jafnræði kröfuhafa. Við mat á því hvort ráðstöfun sé ótilhlýðileg í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991 verði að horfa til atvika í heild sinni og þeirrar stöðu sem hafi verið uppi þegar ráðstöfunin fór fram.

32. Fyrir liggja að tilkynnt hafi verið á starfsmannafundi, sem fram fór að morgni dags föstudaginn 31. mars 2023, að starfsemi Torgs ehf. yrði hætt og að óskað yrði eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Fréttir þess efnis hafi verið birtar í öllum helstu fjölmiðlum landsins strax upp úr hádegi sama dag. Ætla verði að þeir sem hafi átt hagsmuna að gæta við fall Torgs ehf. hafi fylgst grannt með þeirri fréttaumfjöllun og hafi mátt vita að gjaldþrot félagsins væri yfirvofandi.
33. Með hinni umþrættu greiðslu hafi Torg ehf. greitt virðisaukaskatt fyrir gjalddaga, eftir að búið var að tilkynna að starfsemi yrði hætt og að óskað yrði eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Stefnandi telur að þetta leiði til þess að greiðslan teljist ótilhlýðileg í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991, ekki síst þegar horft sé til atvika í heild sinni og þeirrar stöðu sem hafi verið uppi þegar ráðstöfunin fór fram.
34. Eftir hádegi 31. mars 2023 og fram að því að Torg ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 4. apríl hafi nokkrir útvaldir kröfuhafar fengið kröfur sínar greiddar, þ.m.t. stefndi. Ljóst sé að kröfur þessara aðila hefðu aðeins notið stöðu sem almennar kröfur við skiptameðferðina ef þær hefðu ekki fengist greiddar. Fjölmarginir aðrir almennir kröfuhafar í sambærilegri stöðu og stefndi hafi ekki fengið kröfur sínar greiddar. Fullvíst þyki að ekkert muni fást greitt upp í lýstar kröfur þeirra við skiptameðferðina, sbr. kröfuskrá dags. 23. júní 2023. Þá hafi þessar greiðslur, þ.m.t. greiðslan til stefnda, orðið til þess að forgangskröfuhafar þrotabúsins hafi orðið fyrir tjóni þar sem fjármunir sem samsvari þessum greiðslum séu ekki til reiðu til fullnustu á kröfum þeirra.
35. Óumdeilt sé að krafa stefnda hefði aðeins notið stöðu sem almenn krafa við búskiptin ef hún hefði ekki fengist greidd fyrir þau, enda sé það í samræmi við kröfulýsingu stefnda að fjárhæð 110.158.427 krónur, dags. 25. apríl 2023, sem lýst hafi verið í búið. Gjaldþrot Torgs ehf. hafi verið yfirvofandi þegar greiðslan var innt af hendi 31. mars 2023. Stefnandi telur því einsýnt að greiðslan hafi á þessum tímapunkti ekki verið nauðsynleg í þágu atvinnurekstrar Torgs ehf., til að komast hjá tjóni eða viðhalda verðmætum. Hér verði að líta á aðstæður eins og þær voru þegar greiðslan fór fram, eins og venjulegt sé við mat á skilyrðum riftunar.

36. Samkvæmt kröfuskrá stefnanda, dags. 26. júní 2023, nemi lýstar kröfur í búið samtals 1.497.739.205 krónum. Þar af nemi forgangskröfur, sem hafa verið samþykktar með fyrirvara, samtals 231.866.233 krónum. Þá nemi lýstar almennar kröfur samtals 1.169.801.384 krónum, þar af kröfur ótengdra aðila í sambærilegri stöðu og stefndi samtals 181.812.712 krónum. Í kröfuskrá hafi ekki verið tekin afstaða til almennra krafna þar sem fullvíst þygi að ekkert muni fást greitt upp í þær, sbr. 1. mgr. 119. gr. laga nr. 21/1991. Ljóst sé að eignir stefnanda eru óverulegar miðað við fjárhæð lýstra krafna.
37. Nokkrir útvaldir kröfuhafar, þ.m.t. stefndi, hafi fengið kröfur sínar greiddar eftir að tilkynnt hafi verið að starfsemi Torgs ehf. yrði hætt og að óskað yrði eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Þessar greiðslur hafi falið í sér skerðingu á fjármunum Torgs ehf., sem ella hefðu komið til skipta í þrotabúinu. Stefnandi byggir í þessu sambandi á því að það sé grunnregla gjaldþrotaréttar að kröfuhafar njóti jafnræðis hver gagnvart öðrum og að eignum bús sé skipt milli þeirra að tiltölu að gætri réttshæð þeirra að lögum. Það sé ósamrýmanlegt þessu viðmiði að þrotamanni sé heimilt að ákveða upp á sitt eindæmi til hvaða kröfuhafa eignir hans eigi að renna þegar fyrir liggi að hann sé ógjaldfær og geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.
38. Með vísan til framangreinds byggir stefnandi á því að greiðslan til stefnda hafi bersýnilega verið til þess fallin að mismuna kröfuhöfum, hafi falið í sér brot á jafnræðisreglu skuldaskilaréttar og verið öðrum kröfuhöfum til tjóns.

b) Um ógjaldfærni Torgs ehf. er hin riftanlega ráðstöfun fór fram

39. Stefnandi byggir á því að Torg ehf. hafi verið ógjaldfært félag þegar hin riftanlega ráðstöfun fór fram 31. mars 2023. Hugtakið ógjaldfærni hafi í dómaframkvæmd verið skýrt til samræmis við það skilyrði fyrir töku bús skuldara til gjaldþrotaskipta sem fram komi í 1. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991. Það skilyrði lúti að því að skuldari geti ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falli í gjalddaga og ekki verði talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms.
40. Á starfsmannafundi sem haldinn hafi verið föstudagsmorguninn 31. mars 2023 hafi verið tilkynnt að starfsemi Torgs ehf. yrði hætt og að óskað yrði eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Frá og með þessum tímapunkti hafi endanlega verið ljóst að Torg ehf. væri ógjaldfært, enda hafi þá legið fyrir að Hofgarðar ehf. myndu ekki fjármagna frekar taprekstur félagsins. Þá hafi verið fyrir séð frá og með 31. mars 2023 að kröfur sem námu hundruðum milljóna króna hafi verið við það að gjaldfalla, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991. Á meðal þessara krafna hafi m.a. verið staðgreiðsla sem greiðslufrestur hafði

fengist fyrir vegna Covid-19, lífeyrissjóðsiðgjöld og staðgreiðsla vegna marsmánaðar, laun í uppsagnarfresti og önnur vangoldin laun hátt í 90 starfsmanna, auk lánveitinga Hofgarða ehf.

c) Um grandsemi stefnda um ógjaldfærni og ótilhlýðileika ráðstöfunar

41. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi vitað, eða a.m.k. mátt vita, um ógjaldfærni Torgs ehf., sem og ótilhlýðileika ráðstöfunar, er greiðslan var innt af hendi 31. mars 2023. Umrætt skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 sé hefðbundið skilyrði um grandsemi og þýði í raun að þann sem hafði hag af ráðstöfun hefði átt að gruna að skuldari væri ógjaldfær. Almennt þurfi ekki mikið til, svo því sé fullnægt, einkum í litlu samfélagi eins og á Íslandi.
42. Um rekstrarvanda og taprekstur Torgs ehf. hafi verið fjallað í fjölmiðlum bæði fyrir og eftir gjaldþrot félagsins. Ljóst sé að mikil óvissa hafi verið uppi um framtíð og rekstrarhæfi Torgs ehf. eftir að hætt hafi verið að bera út Fréttablaðið í heimahús um áramótin 2022–2023. Þetta hafi gert það að verkum að lestur blaðsins og auglýsingatekjur hafi dregist enn frekar saman. Þetta hafi vakið mikla athygli á sínum tíma, enda hafði Fréttablaðinu verið dreift í heimahús í um 22 ár. Öllum hafi mátt vera ljóst að frá og með þessum tíma gæti brugðið til beggja vona varðandi rekstur Torgs ehf., þ.m.t. starfsmönnum og öðrum sem áttu hagsmuna að gæta, eins og fréttaumfjöllun um Torg ehf. beri með sér.
43. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi vitað, eða a.m.k. mátt vita, um ógjaldfærni Torgs ehf. þegar umrædd greiðsla var innt af hendi kl. 15:30 31. mars 2023. Strax í kjölfar starfsmannafundarins 31. mars 2023, þ.e. fyrir hádegi sama dag, hafi hafist umfangsmikill fréttáflutningur um fall Torgs ehf. og yfirvofandi gjaldþrot félagsins, en um þetta hafi verið fjallað í öllum helstu fréttamiðlum landsins. Eðli málsins samkvæmt hafi þetta vakið mjög mikla athygli í samfélaginu enda um að ræða eitt stærsta fjölmiðlafyrirtæki landsins, þar sem hátt í 90 starfsmenn hafi misst vinnu sína. Stefnandi bendir á að í fréttaumfjöllun hafi komið sérstaklega fram að vangoldin laun starfsmanna við starfslok, þ.m.t. laun í uppsagnarfresti, yrðu ekki greidd, en fyrirséð hafi verið að þessar kröfur myndu njóta stöðu forgangskrafna við gjaldþrotaskiptin. Almennir kröfuhafar, eins og stefndi, hafi því ekki getað vænst þess að fá greitt eftir hádegi 31. mars 2023 og ekki getað mótttekið fjármuni frá Torgi ehf. eftir það tímamark í góðri trú um að ekki væri verið að mismuna kröfuhöfum og valda forgangskröfuhöfum tjóni.

44. Stefnandi byggir á því að 141. gr. laga nr. 21/1991 feli í sér kröfu um að sá sem hafi hag af ráðstöfun hafi ekki sýnt af sér gáleysi. Í ákvæðinu felist að stefnda hafi borið, miðað við þær upplýsingar sem fram komu í fjölmiðlaumfjöllun um fall Torgs ehf., að sýna aðgæslu og gæta að því að ráðstöfunin færi ekki í bága við regluna. Stefnandi telur að undir þeim kringumstæðum sem hér um ræðir verði að gera þá kröfu til stefnda að hann hafi mátt vita um ógjaldfærni og yfirvofandi gjaldþrot Torgs ehf. Þegar umþrætt greiðsla var móttækin 31. mars 2023. Þá hafi stefndi mátt vita að margir aðrir kröfuhafar félagsins hefðu ekki fengið greiðslu og að greiðslan leiddi til þess að félagið hefði minni eignir til fullnustu öðrum kröfuhöfum en ella.
45. Með vísan til alls framangreinds byggir stefnandi á því að umþrætt greiðsla sé riftanleg á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991.

#### *Krafa um greiðslu skaðabóta eða endurgreiðslu auðgunar*

46. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi haft hag af hinni riftanlegu greiðslu sem nemur 14.084.356 krónum. Sú fjárhæð svari einnig til þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna þessarar ráðstöfunar, þar sem samsvarandi eign sé ekki til reiðu í búinu til fullnustu kröfuhöfum.
47. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi verið grandsamur um riftanleika ráðstöfunar í öllum tilvikum. Af þessum sökum beri að dæma stefnda til greiðslu skaðabóta í samræmi við 1. og 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Verði ekki á það fallist, en aftur á móti fallist á riftun á grundvelli 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, beri hins vegar að dæma stefnda til endurgreiðslu auðgunar samkvæmt 1. mgr. 142. gr. sömu laga.
48. Um upphafsdag dráttarvaxta vísar stefnandi til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

#### **Helstu málsástæður og lagarök stefnda**

##### *Skuldin hafi ekki verið greidd fyrr en eðlilegt var en hafi verið venjuleg eftir atvikum*

49. Stefndi mótmælir því að hin umdeilda greiðsla hafi verið greidd fyrr en eðlilegt getur talist, sbr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Þá byggir stefndi á því að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum, sbr. sama ákvæði.
50. Óumdeilt sé að krafan hafi verið greidd fyrir gjalddaga virðisaukaskattsins, þ.e. fimm dögum áður. Umrædd greiðsla hafi ekki verið neitt einsdæmi enda hafi félagið áður greitt virðisaukaskatt fyrir gjalddaga. Í því ljósi áréttar stefndi að greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum og í samræmi við greiðsluhegðun félagsins við greiðslu virðisaukaskatts.

Greiðslutími kröfunnar hafi því ekki falið í sér neina breytingu á greiðslumynstri sem Skattinum hafi getað fundist óeðlileg né skorið sig úr fyrri greiðslum. Greiðslan hafi ekki verið óvenjuleg eða farið fram við óeðlilegar aðstæður. Hún hafi falist í greiðslu gíróseðils í heimabanka vegna réttilega álagðs virðisaukaskatts vegna tímabilsins janúar – febrúar 2023, þegar félagið var í rekstri. Í þessu sambandi megi geta þess að félagið hafi greitt staðgreiðslu tryggingagjalds vegna febrúar 2023 15. mars 2023 og hið sama eigi við um staðgreiðslu launagreiðanda sem greidd hafi verið þann sama dag vegna febrúar 2023. Því megi ætla að félagið hafi verið gjaldfært. Ekkert hafi því verið óeðlilegt við það að félagið hafi að sama skapi greitt virðisaukaskatt vegna fyrrgreinds tímabils.

51. Hvað varðar umfjöllun stefnanda um félagið Tæki og hlutir ehf., sem tekið hafi verið til gjaldþrotaskipta á árinu 2020, bendir stefndi á að félagið hafi ekki verið skráð í umdæmi Skattsins heldur hjá sýslumanninum á Suðurlandi sem hafi forræði á kröfum í sínu umdæmi. Skatturinn hafi því ekki upplýsingar um málefni þessa félags.
52. Stefndi bendir á að lausnardagur sé það tímamark sem skuldari geti fyrst greitt skuldir sínar. Hin almenna regla kröfuréttar sé sú að skuldari geti greitt kröfu sína þegar hann vilji nema um annað sé samið. Ekki sé samið um gjalddaga virðisaukaskatts heldur sé hann lögbundinn. Það sé sá dagur sem kröfuhafi geti m.a. fyrst krafist skuldara um efndir og hann sé jafnframt upphafstímamark vaxta. Umrædd krafa hafi þegar verið lögð á 31. mars 2023. Lausnardagur hafi verið kominn og félaginu hafi því verið rétt að greiða kröfuna ef það kaus svo. Hefði Skatturinn neitað viðtöku greiðslunnar hefði verið um viðtökudrátt að ræða af hans hálfu.

*Greiðslan hafi ekki skert greiðslugetu félagsins verulega*

53. Stefndi mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda að hin umdeilda greiðsla hafi skert greiðslugetu félagsins verulega í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Líta verði til fjárhæðar greiðslunnar í samhengi við aðrar kröfur, þ.e. við upphæð lýstra krafna, og samhengis umræddrar greiðslu við upphæð þeirra krafna. Ótvírætt verði að teljast að greiðslan ein og sér hafi með engu móti skert greiðslugetu félagsins verulega á þeim tímapunkti sem hún fór fram. Af upphæð krafna í kröfuskrá, 1.497.739.205 krónum, sjáist að skuldir félagsins hafi verið það háar að umrædd greiðsla hafi með engu móti haft áhrif á eða skert greiðslugetu félagsins í skilningi ákvæðisins, enda hafi greiðslan verið rétt tæpt 1% af lýstum kröfum. Stefndi hafnar sjónarmiðum stefnanda um annað viðmið, m.a. um að líta verði til fjárhagsstöðu félagsins er greiðslan fór fram.

54. Í þessu sambandi bendir stefndi á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2387/2011 (Þrotabú GH1 hf. gegn íslenska ríkinu) þar sem skýrlega sé tekið fram að líta beri til lýstra krafna í bú GH1 hf., en miðað við þær hafi greiðsla sem krafist var riftunar á ekki ein og sér þótt hafa skert greiðslugetu félagsins verulega eða ráðið úrslitum um ógjaldfærni þess. Sömu sjónarmið sé að finna í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-217/2012 (Þrotabú Splasts ehf. gegn íslenska ríkinu). Þessi sjónarmið eigi við í máli þessu. Þá bendir stefndi á að samkvæmt upplýsingum í stefnu hafi félagið á því tímamarki sem um ræðir haft til ráðstöfunar a.m.k. um 98 milljónir króna.
55. Enn fremur mótmælir stefndi því að hin umdeilda greiðsla hafi verið mjög há samanborið við aðrar greiðslur sem fóru fram á sama tímabili. Einnig mótmælir stefnandi því að greiðslan geti ekki, miðað við allar aðstæður, fallið undir undantekningarreglu 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 um að teljast venjuleg eftir atvikum.

*Hin almenna riftunarregla 141. gr. laga nr. 21/1991*

56. Stefndi mótmælir því að greiðslan hafi verið ótilhlýðileg og því að hann hafi vitað eða mátt vita af umræddum starfsmannafundi og hvaða upplýsingar komu þar fram. Þá sé ekki hægt að ætla að starfsfólk Skattsins hafi á vinnutíma gaumgæft fréttáflutning þann dag sem greiðslan barst. Skatturinn hafi því hvorki getað vitað né mátt vita um stöðu félagsins heldur hafi hann verið í góðri trú um gjaldfærni þess. Þá sé að mati stefnda ósannað að umrædd upphæð hefði runnið til þrotabúsins hefði hún ekki verið greidd Skattinum því fleiri kröfur hafi verið greiddar til annarra kröfuhafa á þessum tímamarki. Greiðslan hafi því ekki leitt til þess að eignir hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991, þannig að hún sé riftanleg.
57. Engin haldbær rök séu fyrir því, eins og haldið sé fram í stefnu, að öllum hafi mátt vera ljóst, þegar hætt var að dreifa Fréttablaðinu um áramótin 2022–2023 að „brugðið gæti til beggja vona“ varðandi rekstur Torgs ehf. Að mati stefnda séu þetta einungis getgátur enda hafi félagið haldið áfram rekstri þrátt fyrir að dreifingu blaðsins hafi verið hætt.
58. Ekki hafi ekki verið búið að taka félagið til gjaldþrotaskipta þegar umrædd greiðsla barst og því hafi Skatturinn verið grandlaus um fjárhagslega hagi félagsins. Umfjöllun fjölmiðla um morgunfund Torgs ehf. með starfsmönnum geti með engu móti orðið til þess að Skatturinn hafi orðið grandsamur um stöðu félagsins þegar umþrætt greiðsla barst síðar þann sama dag. Yfirlýsingar um ókomna atburði eins og fyrirhuguð ósk um gjaldþrotaskipti geti ekki skipt sköpum um hvort kröfuhafi eigi að vita eða megi vita um bága fjárhagsstöðu félags. Skatturinn hafi verið grandlaus um hagi félagsins á

umræddum tímavæðingum. Ekkert í tekjubókhaldskerfi ríkisins hafi bent til annars en að félagið væri gjaldfært. Félagið hafi staðið skil á sköttum og gjöldum á eða í kringum gjalddaga. Engar skráningar um vanskilainnheimtu séu í vanskilakerfi tekjubókhaldskerfisins sem þýði að aldrei hafi verið farið í vanskilainnheimtu eða fullnustugerðir af nokkru tagi á þeim tíma sem Torg ehf. var í rekstri. Skatturinn hafi því verið í góðri trú um að félagið væri gjaldfært. Ekkert hafi verið ótilhlýðilegt við það, við þær aðstæður sem voru uppi, að greiða virðisaukaskatt, sem gjaldendur hafi milligöngu um að skila til ríkissjóðs, vegna umrædds tímabils eins og gert hafi verið með staðgreiðslu launagreiðanda og staðgreiðslu tryggingagjalds fyrir sama tímabil. Skilyrði fyrir beitingu 141. gr. laga nr. 21/1991 sé að Skatturinn hafi mátt vita um ógjaldfærni og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfun teldist ótilhlýðileg. Eins og þegar sé fram komið sé ljóst að Skatturinn hafi verið grandlaus um bága fjárhagslega stöðu félagsins og greiðslan geti því ekki talist ótilhlýðileg á þeim grundvelli og þ.a.l. ekki riftanleg á grundvelli 141. gr. laganna.

59. Ekki hafi legið fyrir að félagið væri ógjaldfært fyrr en Héraðsdómur Reykjavíkur hafi mótttekið gjaldprotaskiptabeiðni 4. apríl 2023. Skatturinn hafi ekki verið grandsamur heldur í góðri trú. Engu gáleysi eða aðgæsluleysi hafi verið fyrir að fara.

*Um kröfu stefnanda um greiðslu skaðabóta eða endurgreiðslu meintrar auðgunar*

60. Stefndi mótmælir því að lagaskilyrði séu til þess að taka skaðabóta- og endurgreiðslukröfu stefnanda til greina. Að mati stefnda er hvorki fullnægt skilyrðum 1. mgr. né 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Þá sé ekki fullnægt skilyrðum annarra réttarheimilda fyrir þeirri kröfu. Í þessum efnum vísar stefndi m.a. til sömu sjónarmiða og áður eru rakin.

*Varakrafa stefnda*

61. Vegna varakröfu sinnar um lækun kröfu stefnanda vísar stefndi til þeirra málsástæðna og sjónarmiða sem rakin eru hér að framan varðandi aðalkröfu um sýknu.
62. Stefndi hafnar kröfum stefnanda um vexti. Stefndi telur ekki skilyrði til að dæma vexti, miðað við atvik málsins, hvorki almenna vexti né dráttarvexti, af þeirri fjárhæð sem krafist er vaxta fyrir. Verði fallist á kröfu um vexti/dráttarvexti krefst stefndi þess að þeir reiknist í fyrsta lagi frá dómsuppsögudegi.

**Niðurstaða**

63. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort rifta skuli greiðslu hins gjaldþrota félags, Torgs ehf., á virðisaukaskatti til stefnda, að fjárhæð 14.084.356 krónur, sem fram fór 31. mars

2023, og hvort stefnda skuli gert að endurgreiða stefnanda sömu fjárhæð ásamt vöxtum. Kröfur sínar þar að lútandi byggir stefnandi aðallega á því að umrædd skuld hafi verið greidd fyrir en eðlilegt var í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 og til vara að greiðsla skuldarinnar hafi skert greiðslugetu félagsins verulega í skilningi sama lagaákvæðis. Til þrautavara byggir stefnandi á riftunarreglu 141. gr. sömu laga.

64. Fyrir liggur að umrædd skuld var vegna virðisaukaskatts fyrir tímabilið janúar – febrúar 2023 og félagið greiddi hana 31. mars 2023 kl. 15:30 eftir að hafa skilað virðisaukaskattsskýrslu vegna tímabilsins kl. 15:02 sama dag. Gjaldalagi kröfunnar, og jafnframt síðasti dagur til að skila virðisaukaskattsskýrslu vegna umrædds tímabils, var 5. apríl 2023, sbr. 4. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.
65. Í 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. kemur fram að krefjast megi riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrir en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Frestdagur við skipti bús stefnanda var sem fyrir segir 4. apríl 2023, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Gengið hefur verið út frá því að ákvæðum 134. gr. laganna sé einkum ætlað að taka til greiðslu á skuldum sem hafa farið fram með öðrum hætti en hún hefði gert ef ekki hefði verið svo illa komið fyrir fjárhag skuldarans.
66. Við mat á því hvort skuld hafi verið greidd fyrir en eðlilegt var í skilningi tilvitnaðs lagaákvæðis hefur í dómaframkvæmd m.a. verið litið til þess hvort skuldin hafi verið greidd fyrir gjalddaga, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 27. september 2012 í máli nr. 702/2011, 31. maí 2018 í máli nr. 491/2017 og 14. mars 1996 í máli nr. 306/1994. Ekki skiptir höfuðmáli í þeim efnum þótt lausnardagur kröfunnar hafi verið kominn.
67. Skuldir vegna virðisaukaskatts eða annarra opinberra gjalda njóta engrar sérstöðu hvað þetta snertir, enda skapast ekki að lögum eignarréttur stefnda yfir fjármunum þess sem ber skyldu til að standa skil á slíkum gjöldum heldur kröfuréttur stefnda á hendur gjaldandanum. Um þetta vísast til dóms Hæstaréttar frá 2. febrúar 2017 í máli nr. 329/2016 og dóms Landsréttar frá 10. mars 2023 í máli nr. 2/2022.
68. Umrædd greiðsla var innt af hendi fimm dögum fyrir gjalddaga og verður því, að framangreindu virtu, fallist á að hún hafi verið greidd fyrir en eðlilegt var í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Eftir stendur þó að taka afstöðu til þess hvort greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum í skilningi niðurlags tilvitnaðrar málsgreinar laganna.

69. Skilyrði 134. gr. laga nr. 21/1991 um það hvort greiðsla sé venjuleg eftir atvikum vísar til þess að aðeins sé rétt að fallast á riftun greiðslu ef hún er óvenjuleg í sjálfu sér eða innt af hendi við óvenjulegar aðstæður. Í því sambandi skal líta til eðlis viðkomandi viðskipta og hvort greiðslan sé óvenjuleg í þeim viðskiptum. Enn fremur skal litið til þess hvort greiðslan hafi á sér þann blæ að verið sé að ívilna móttakanda greiðslunnar á kostnað annarra kröfuhafa. Þótt regla 134. gr. laga nr. 21/1991 sé hlutlæg kann huglæg afstaða móttakanda greiðslunnar að skipta máli og þá einkum hvort telja megi að slæm fjárhagsleg staða greiðanda hafi haft áhrif á greiðsluna eða jafnvel ráðið úrslitum um hana, sbr. dóm Hæstaréttar 15. mars 2018 í máli nr. 814/2016.
70. Sem fyrr segir liggja fyrir í málinu hreyfingayfirlit Skattsins vegna virðisaukaskattsskila Torgs ehf. á 25 uppgjörstímabilum, frá apríl 2019 til febrúar 2023. Þar sést að í 20 af þeim tilvikum greiddi félagið virðisaukaskatt á gjalddaga, í tveimur tilvikum var greitt samkvæmt greiðsluáætlunum eftir upphaflegan gjalddaga en í þremur tilvikum var skatturinn greiddur fyrir gjalddaga. Allt frá desember 2021 til febrúar 2023 voru umræddar greiðslur ávallt inntar af hendi á gjalddaga eða einum til tveimur dögum eftir hann. Þau þrjú tilvik þar sem greiðslur voru inntar af hendi fyrir gjalddaga voru greiðslur sem voru greiddar 31. mars 2021, 30. júlí 2021 og 30. september 2021. Af þessu verður ráðið að venjulega hafi greiðslur af þessu tagi verið greiddar á gjalddaga eða skömmu eftir hann, meðan félagið var í rekstri, þótt finna megi einstök dæmi um annað.
71. Þá er til þess að líta að þegar greiðslan var innt af hendi lá fyrir að fjárhagsstaða félagsins væri slæm enda mun starfsfólki hafa verið tilkynnt um það á fundi fyrr sama dag að óskað yrði eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Þá höfðu fjölmiðlar fjallað um yfirvofandi gjaldþrot þess áður en greiðslan var innt af hendi. Að þessu virtu standa að mati dómsins líkur til þess að slæm fjárhagsstaða félagsins kunni að hafa haft áhrif á þá ákvörðun að inna greiðsluna af hendi fyrr en ella og jafnframt að móttakanda greiðslunnar hafi mátt vera það ljóst.
72. Með vísan til þess sem hér var rakið verður ekki séð að það hafi virst venjulegt eftir atvikum í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 91/1991 að greiða fyrir gjalddaga þá skuld sem deilt er um í málinu.
73. Að öllu framangreindu virtu verður fallist á riftun hinnar umdeildu greiðslu á þeim grundvelli að hún hafi verið greidd fyrr en eðlilegt var enda hafi hún ekki virst venjuleg eftir atvikum. Af því leiðir að ekki er þörf á að fjalla um þær málsástæður sem stefnandi byggir á til vara og þrautavara til stuðnings kröfu sinni.

74. Greiðslunni sem um ræðir er sem fyrr segir rift á grundvelli 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Ákvæði 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, sem stefnandi hefur vísað til vegna kröfu sinnar um skaðabætur, á einungis við ef riftun fer fram samkvæmt 139. eða 141. gr. laganna og á því ekki við hér. Ákvæði 1. mgr. 142. gr. eiga aftur á móti við um endurgreiðslu auðgunar við þær aðstæður sem þar greinir. Þar kemur fram að ef riftun fer fram með stoð í 131.–138. gr. skal sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun eða fullnustugerð greiða þrotabúinu fé sem svarar til þess sem greiðsla þrotamannsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur tjóni þrotabúsins. Krafa stefnanda um greiðslu fjármuna úr hendi stefnda nemur sömu fjárhæð og sú greiðsla sem samkvæmt framansögðu er fallist á riftun á. Leggja verður til grundvallar að tjón þrotabúsins nemi þeirri fjárhæð. Því verður fallist á kröfu stefnanda um að stefnda verði gert að greiða umrædda fjárhæð.
75. Stefnandi krefst dráttarvaxta af kröfunni frá 18. nóvember 2023 og vísar um upphafsdag dráttarvaxta til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þar kemur fram að ef ekki er samið um gjalddaga kröfu sé heimilt að reikna dráttarvexti frá og með þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Stefnandi hafði kröfu sína á hendur stefnda uppi með riftunarbréfi sem er dagsett 18. október 2023. Um vexti af kröfunni frá 31. mars 2023, þ.e. deginum þegar hin umdeilda greiðsla var innt af hendi, hefur stefnandi vísað til 8. gr. laga nr. 38/2001. Þar segir í 1. mgr. að kröfur um skaðabætur skuli bera vexti frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Þótt hér sé fallist á greiðsluskyldu stefnda á grundvelli 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, sem varðar endurgreiðslu auðgunar en ekki skaðabætur, þykir rétt að fallast á kröfu stefnanda um að fjárhæðin beri almenna vexti, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi þegar hin umdeilda ráðstöfun átti sér stað. Hvað það varðar er vísað til hliðsjónar til dóms Hæstaréttar frá 9. júní 2016 í máli nr. 713/2015. Að þessu virtu verður fallist á skyldu stefnda til að greiða stefnanda vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda.
76. Í samræmi við þessi málsúrslit verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir, að meðtöldum virðisaukaskatti.
77. Þórhallur Bergmann lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Óskar Thorarensen lögmaður fyrir stefnda.
78. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Rift er greiðslu hins gjaldþrota félags, Torgs ehf., á virðisaukaskatti til stefnda, íslenska ríkisins, að fjárhæð 14.084.356 krónur, sem fram fór 31. mars 2023.

Stefndi, íslenska ríkið, skal greiða stefnanda, þrotabúi Torgs ehf., 14.084.356 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. mars 2023 til 18. nóvember 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 18. nóvember 2023 til greiðsludags.

Stefndi skal greiða stefnanda 1.150.000 krónur í málskostnað.

Þorsteinn Magnússon